



Kristján Vigfússon

Hvassaleiti 113
103 Reykjavík

Dalvík, 1. desember 2022
nr. erindis 202208083 EIS

Efni: Svar við kvörtun vegna starfsemi hausapurkkunar Samherja

Á 2.fundi Skipulagsráðs Dalvíkurbyggðar þann 3.október 2022 var erindið tekið fyrir og var eftirfarandi bókað:

Skipulagsráð vísar til þess að í nýju aðalskipulagi verði sett fram umhverfisstefna um mengandi starfsemi og vísar erindinu til umræðu í byggðaráði. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum."

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar tók erindið fyrir á 1045.fundi sínum þann 20.október 2022 og var eftirfarandi bókað:

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela starfsmönnum framkvæmdasviðs að taka saman drög að svarbréfi í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fyrir næsta reglulegan fund sveitastjórnar.

Á 1049.fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar lá fyrir drög að svarbréfi og var eftirfarandi bókað:

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrir sitt leiti drög að ofangreindu svarbréfi og felur sveitarstjóra að senda svarbréf á grundvelli fyrirliggjandi draga.

Ákvörðun byggðaráðs var staðfest og afgreidd á 352.fundi sveitarstjórnar þriðjudaginn 29.nóvember 2022 og var undirritaðri falið að svara erindinu.

Niðurstaða sveitarstjórnar var eftirfarandi:

Hefur verið óskað eftir endurbótum á lyktarmengun frá starfseminni og þá hverjum ? Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur gert kröfur um ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun og hefur hausapurkkunin brugðist við þeim athugasemdum.

Hvernig hefur fyrirtækið bætt úr?

Fyrirtækið hefur bætt verkferla varðandi ferskleika hráefnis, bætt vinnuferla og verklag. Tekin hefur verið í notkun óson búnaður í þeim tilgangi að draga úr lykt, vinnsluferlar hafa verið endurbættir, þá hafa verið gerðar breytingar á flutningi og meðferð hráefnis og búnaður vinnslunnar hefur verið bættur og endurnýjaður.

Hefur verið staðið við tímafresti af hálfu fyrirtækisins?

Já, fyrirtækið hefur staðið við tímafresti varðandi kröfur HNE í gegnum tíðina.

Hefur bæjarstjórn óskað eftir úrbótum vegna lyktarmengunar frá fyrirtækinu ?

Í málaskrá sveitarfélagsins er að finna þrjú mál frá 2015, 2020 og 2022 þar sem fjallað er um lyktmengun frá hausapurkkuninni. (málsnr. 202208083, 202008029 og 201509144).



Hefur verið fjallað um hvort að staðsetning lyktarmengandi fyrirtækis sé viðeigandi fyrir íbúa í næsta nágrenni?

Það liggur fyrir að innbyrðis staðsetning fyrirtækisins og íbúðabyggðar er óheppileg og krefjandi. Á þessu eru sögulegar skýringar þar sem um er að ræða hafnsækna starfsemi og uppbygging íbúðabyggðar hefur átt sér stað yfir langan tíma.

Hefur verið gert áhættumat gagnvart lykt og skilgreint ferli þekktra lyktaruppspretta?

Lyktaruppsprettur eru allvel þekktar, sömuleiðis möguleikar til lágmarkunar á lykt, en það er talsverð óvissa varðandi tæknilegar útfærslur og stöðugleika hvað varðar árangur. Áreitið af lyktinni er vel þekkt, útbreiðsla lyktar er vel þekkt, vindró og veðurfar á svæðinu er vel þekkt, ástand í eðlilegum stöðugum rekstri er þekkt. Óvænt tilvik og frávik hafa gerst t.d. vegna bilana sem erfitt er að sjá fyrir, eftirlitsaðilar leggja áherslu á fyrirbyggjandi viðhald, þannig að lágmarka megi tíðni óvæntra atvika.

Hefur bæjarfélagið látið eða óskað eftir kortlagningu á útbreiðslu lyktar eða látið reikna/meta líkur á lyktamengun í umhverfinu bæði í venjulegum rekstri og þegar stærri ófyrirséð rekstrarvandmál eiga sér stað?

Sveitarfélagið hefur ekki farið fram á það.

Hefur verið útbúinn viðbragðsáætlun sem lýsir viðbrögðum við frávikum og kvörtunum sem lýsir hvernig samskiptum skal háttáð við nággranna og aðra hagsmunaaðila en það geta komið upp frávik í venjulegum rekstri sem geta leitt til mikillar lyktar?

Fyrirtækið hefur sínar eigin viðbragðsáætlanir sem eru til endurskoðunar með reglubundnum hætti. Opinberir eftirlitsaðilar sinna kvörtunum og fara yfir frávik í rekstri og sinna eftirfylgni vegna þessa. Fyrirtækið hefur starfað mjög lengi á staðnum og heimamenn þekkja margir starfsemi fyrirtækisins mjög vel og þann vanda sem tengist lykt við heitloftspurrkun sjávarafurða. Almennir væntingar um að fyrirtækið innleiði tæknilausnir eftir því sem þær verða til, þannig að lágmarka megi lykt frá fyrirtækinu. Fyrirtækið er í samstarfi við önnur sambærileg fyrirtæki í landinu sem vinna sameiginlega að rannsóknum og þróun á mengunarvarnabúnaði og hefur fyrirtækið vilja til að finna lausn sem er varanleg og góð og gefur árangur.

Hefur verið unnin samskiptaáætlun um hvernig nággrannar eru upplýstir um mögulega lykt í nærumhverfi þeirra hér á Dalvík?

Fyrirtækið á að tilkynna til HNE um öll frávik í starfseminni sem geta valdið mengun, þar með talið lyktarmengun.

Hefur verið sett upp samskiptaáætlun um hvernig íbúar geta tilkynnt um lykt frá starfseminni.

Kvörtunum vegna lyktar skal komið á framfæri við útgefanda starfsleyfis sem er Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Hefur verið sett upp ferli til að taka móti kvörtunum og skilgreind viðbrögð við þeim?

Hægt er að koma kvörtunum á framfæri í gegn um heimasíðu HNE hne.is. Einnig er hægt að koma ábendingum á framfæri á heimasíðu sveitarfélagsins,

<https://www.dalvikurbyggd.is/is/thattaka>

Hvernig telur bæjarfélagið að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands hagi eftirliti vöktun og stjórn á lyktaruppsprettum frá fiskþurrkuninni?

Heilbrigðiseftirlitið sinnir reglubundnu eftirliti með starfseminni en hefur ekki stjórn á lyktaruppsprettum.



Fer fram farm reglulegt lyktarskynmat með því að þefa af loftinu með stöðluðum vinnubrögðum þar sem niðurstaða er skráð niður eftir sérstöku kerfi?

Nei. Lykt er fyrst og fremst metin með lyktarskyni eftirlitsmanna og einnig er horft til upplifunar almennings, það eru til mælikvarðar fyrir ferskleika hráefnis svo sem mælingar á niðurbrotsefnum próteina. Þá er til reynslubanki um mikilvægi órofinnar kælingar á hráefni og að hráefni skuli vinna innan ákveðins tíma, sömuleiðis er til reynslubanki um tilhögun þurrkferils hvað varðar blástur, hita og rakastig. Þannig er leitast við að spegla saman fræðilegar athuganir og tilraunir og þá reynslu sem verður til í stöðugum rekstri í fyrirtækinu til langs tíma.

Er haldið utan um lyktarútbreiðslu og hún ákvörðuð með tölvulíkani líkt og ber að gera og hefur bæjarfélagið þær upplýsingar?

Það er ekki gerð krafa um að haldið sé utan um útbreiðslu lyktar með tölvulíkani, því hefur það ekki verið notað. Frekar hefur verið horft til veðurfarslega staðreynda og upplifunar íbúa þar sem um er að ræða lítið sjávarþorp og auðvelt að fylgjast með upplifun þeirra sem lifa og hrærast á staðnum.

Er gerð árleg skýrsla þar sem farið er yfir kvartanir sem hafa borist um starfsemina ásamt því að lýsa niðurstöðum innra eftirlits, þar sem fram kemur hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og hvað er áætlað að gera til að draga úr lykt?

Eftirlitsaðilar skrá þær kvartanir sem berast til eftirlitsaðila og kvartanir eru strax teknar upp við forsvarsmenn fyrirtækisins og leitað skýringa, úrbóta og forvarna.

Virðingarfyllst,
f.h. Dalvíkurbyggðar

Eyrún Ingibjörg Sigpórsdóttir
sveitarstjóri

